

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1564****2021/EES/34/03****frá 6. ágúst 2020****um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) 2018/985 að því er varðar umbreytingarákvæði hennar til þess að
bregðast við áhrifum af völdum COVID-19-hættuástandsins (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 frá 5. febrúar 2013 um viðurkenningu á og markaðseftirlit með ökutækjum fyrir landbúnað eða skógrækt ⁽¹⁾, einkum 6. mgr. 19. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 3. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 167/2013 uppfylla hreyflarnir, sem eru uppsettir í ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt, losunarmörk V. áfanga fyrir mengandi efni og umbreytingarákvæði sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 ⁽²⁾.
- 2) Vegna röskunarinnar, sem COVID-19-faraldurinn hefur haft í för með sér, var umbreytingartímabilið, sem kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2016/1628, framlengt um 12 mánuði fyrir tiltekna undirflokk hreyfla fyrir tilstuðlan reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1040 ⁽³⁾.
- 3) Því ætti að breyta framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/985 ⁽⁴⁾, þar sem mælt er fyrir um kröfur varðandi losunarmörk og ESB-gerðarviðurkenningaraðferðir fyrir ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt sem og fyrir hreyfla þeirra, til samræmis við það.
- 4) Að því gefnu að framlenging gildistíma umbreytingarákvæðanna hafi ekki nein umhverfisáhrif í för með sér, þar sem viðkomandi umbreytingarhreyflar hafa nú þegar verið framleiddir, ásamt þeirri staðreynd að erfitt er að segja nákvæmlega fyrir um tímallengd þeirra tafa sem röskun COVID-19-faraldursins hefur í för með sér, ætti framlenging viðeigandi tímabila að vera 12 mánuðir eins og kveðið er á um í reglugerð (ESB) 2020/1040.
- 5) Í ljósi þess að umbreytingartímabilið, sem kveðið er á um í 5. mgr. 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/985, fyrir tiltekna hreyfla rennur út 31. desember 2020 og að framleiðendur gátu aðeins framleitt ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt, sem búið eru umbreytingarhreyflum, í þeim undirflokkum til 30. júní 2020 ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst eða daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* og ætti hún að koma til framkvæmda frá

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 358, 28.10.2020, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 60, 2.3.2013, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1628 frá 14. september 2016 um kröfur varðandi losunarmörk mengandi lofttegunda og efnisagna og gerðarviðurkenningu brunahreyfla fyrir færanlegan vélbúnað til nota utan vega, um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1024/2012 og (ESB) nr. 167/2013 og um breytingu og niðurfellingu tilskipunar 97/68/EB (Stjtið. ESB L 252, 16.9.2016, bls. 53).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/1040 frá 15. júlí 2020 um breytingu á reglugerð (ESB) 2016/1628 að því er varðar umbreytingarákvæði hennar til þess að bregðast við áhrifum af völdum COVID-19 hættuástandsins (Stjtið. ESB L 231, 17.7.2020, bls. 1).

(4) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/985 frá 12. febrúar 2018 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 167/2013 að því er varðar kröfur um vistvænleika og afköst knúningseiningar ökutækja fyrir landbúnað og skógrækt og hreyfla þeirra og um niðurfellingu á framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/96 (Stjtið. ESB L 182, 18.7.2018, bls. 1).

og með 1. júlí 2020. Slíkt ákvæði er réttlæt看legt vegna hinnar ófyrirsjáanlegu og óvæntu útbreiðslu COVID-19-faraldursins sem og vegna nauðsynjar þess að tryggja réttaröryggi og jafna meðferð framleiðenda, án tillits til þess hvort þeir framleiði ökutæki fyrir landbúnað og skógrækt fyrir eða eftir þann dag þegar reglugerð þessi öðlast gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í 13. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2018/985 er 5. mgr. breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi kemur í stað fyrsta málsliðar þriðju undirgreinar:

„Fyrir hreyfla í undirflokkum NRE-flokks, þar sem lögboðinn gildistökudagur í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1628 fyrir setningu á markað er 1. janúar 2020, skulu aðildarríki heimila framlengingu á 24 mánaða tímabilinu og 18 mánaða tímabilinu, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, um 12 mánuði til viðbótar fyrir ökutækjaframleiðendur með færri en 100 einingar í árlegri heildarframleiðslu á ökutækjum fyrir landbúnað og skógrækt sem eru búin hreyflum.“

2) Eftirfarandi fjórðu undirgrein er bætt við:

„Fyrir hreyfla í öllum undirflokkum, þar sem lögboðinn gildistökudagur í III. viðauka við reglugerð (ESB) 2016/1628 fyrir setningu á markað er 1. janúar 2019, skal 24 mánaða tímabilið og 18 mánaða tímabilið, sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein, framlengt um 12 mánuði.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2020.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
